



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

## Reglur um flokkun viðskiptavina

### 1. Almenn atriði

#### *Tilgangur og gildissvið*

- 1.1. Reglum þessum er ætlað að tryggja að Íslensk verðbréf hf. („ÍV“ eða „félagið“) flokki viðskiptavini sína í samræmi við lög og að þjónusta til viðskiptavina félagsins samræmist flokkun þeirra.

#### *Grundvöllur*

- 1.2. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglna sem löggin veita lagagildi eða eru settar á grundvelli þeirra, sbr. einkum 45. gr. og 71. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

#### *Gildissvið*

- 1.3. Reglurnar eru settar á samstæðugrundvelli og gilda jafnt um ÍV og dótturfélög félagsins, eftir því sem við á.

#### *Skilgreiningar*

- 1.4. *Almennur fjárfestir*: viðskiptavinur sem er ekki fagfjárfestir.
- 1.5. *Fagfjárfestir*: viðskiptavinur sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar:
  - a) Aðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnanir, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
  - b) Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða hvað varðar fjárhæðir, sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni:
    - i. Heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20 millj. evra í íslenskum krónum eða hærri.
    - ii. Hrein ársvelta er jafnvirði 40 millj. evra í íslenskum krónum eða meiri.
    - iii. Eigið fé er jafnvirði 2 millj. evra í íslenskum krónum eða meira.
  - c) Ríkisstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
  - d) Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.
  - e) Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar í samræmi við gr. 4.1.
- 1.6. *Viðurkenndur gagnaðili*: þeir aðilar sem nefndir eru í liðum a- til c- í skilgreiningu á fagfjárfestum.

## 2. Ábyrgð

- 2.1. Starfsfólk ber ábyrgð á að reglum þessum sé framfylgt í verki við upphaf viðskipta og áður en það veitir viðskiptavinum fjárfestingarþjónustu.
- 2.2. Komi upp vafi við framkvæmd eða túlkun reglnanna skal leita álits hjá regluverði.

## 3. Flokkun viðskiptavina

- 3.1. Við upphaf viðskiptasambands skal flokka viðskiptavini í almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila.
- 3.2. Veita skal viðskiptavinum upplýsingar á varanlegum miðli um flokkun þeirra, rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og um afleiðingar þess.
- 3.3. Sé starfsfólk í vafa um hvernig flokka skuli viðskiptavin og hvort viðskiptavinur uppfylli skilyrði þess að vera flokkaður sem fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili ber starfsfólki að ráðfæra sig við regluverð. Ábyrgð á flokkun viðskiptavinar hvílir eftir sem áður á því starfsfólki sem framkvæmir flokkunina.

## 4. Breyting á flokkun

### Almennir fjárfestar

- 4.1. Almennir fjárfestar geta óskað eftir því að ÍV flokki þá sem fagfjárfesta, hvort sem er almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Slík ósk þarf að berast félaginu skriflega.
- 4.2. Starfsfólki er ekki heimilt að hvetja viðskiptavini félagsins til að óska eftir því að hafa stöðu fagfjárfestis og þar með afsala sér réttarvernd sem tryggð er almennum fjárfestum. Starfsfólki er hins vegar heimilt að útskýra fyrir viðskiptavinum þær reglur sem gilda um breytingu á flokkun. Þá skiptir máli að viðskiptavinir séu meðvitaður um þá réttarvernd og þann bótarétt sem þeir kunna að verða af.
- 4.3. Til að farið verði með viðskiptavin sem fagfjárfesti þarf hann að uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:
  - a) Viðskiptavinur hafi átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi.
    - i. Ef viðskiptavinur er lögaðili skal litið til þeirra viðskipta sem framkvæmd hafa verið fyrir hans hönd og fyrir hans reikning. Ekki er litið til persónulegrar reynslu forsvarsmanna lögaðilans.
  - b) Verðgildi fjármálagerna og innstæðna fjárfestis nemi samanlagt meira en jafnvirði 500.000 evra í íslenskum krónum, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
    - i. Með fjármálagerningum er átt við fjármálagerna samkvæmt skilgreiningu í 17. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerna.
    - ii. Ef um er að ræða lögaðila skal litið til eigna hans, ekki þess aðila sem kemur fram fyrir hans hönd.
  - c) Viðskiptavinur gegni eða hafi gegnt, í að minnsta kosti eitt ár, stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.
    - i. Ef um er að ræða lögaðila skal litið til þekkingar þess starfsfólks lögaðila sem ber ábyrgð á fjárfestingum hans og metur áhættu þeim tengdum, að því gefnu að það starfsfólk hafi stöðu eða umboð gagnvart félaginu til að skuldbinda viðskiptavin.

- 4.4. Ef viðskiptavinur uppfyllir ofantalin skilyrði skal félagið leggja sjálfstætt mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinar og hvort hún, að mati félagsins, veiti nægilega vissu fyrir því að viðskiptavinurinn geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjárfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst.
- 4.5. Almennur fjárfestir sem óskar eftir því að vera færður í flokk fagfjárfesta skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar á að framangreind skilyrði séu uppfyllt.
- 4.6. Til að viðskiptavinir geti óskað eftir því að teljast fagfjárfestar verða þeir að tilkynna félaginu skriflega hvort þeir óski eftir að hafa slíka stöðu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Þá skal félagið gefa þeim skýra skriflega viðvörðun um þá réttarvernd og þann bótarétt sem þeir kunna að verða af og skulu viðskiptavinir í sérstöku skjali lýsa því yfir að þeim sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd. Starfsfólk skal uppfylla framangreint með því að framfylgja verkferlum um flokkun viðskiptavina og notast við viðeigandi eyðublöð og rafræn ferli sem regluvarsla hefur samþykkt til notkunar.
- 4.7. Beiðni um breytingu á flokkun, samskipti og skjalagerð sem á sér stað í tengslum við beiðnina skal skjala með skipulegum hætti og eftir því sem við á hverju sinni.

### **Fagfjárfestar**

#### *Flokkun sem almennur fjárfestir*

- 4.8. Fagfjárfestar geta óskað eftir að farið verði með þá sem almenna fjárfesta. Félagið getur jafnframt framkvæmt slíka breytingu á flokkun að eigin frumkvæði, telji starfsfólk ástæðu til.
- 4.9. Aukin vernd samkvæmt framangreindu verður einungis veitt fagfjárfesti í kjölfar skriflegs samkomulags við félagið þar um. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.
- 4.10. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna félaginu um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta. Félaginu ber að grípa til viðeigandi aðgerða, s.s. að breyta flokkun hans að eigin frumkvæði, verði því kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjárfesti.

#### *Flokkun sem viðurkenndur gagnaðili*

- 4.11. Fagfjárfestar, sem teljast fagfjárfestar samkvæmt b-lið í skilgreiningu á fagfjárfestum í grein 1.5 (*stór fyrirtæki sem uppfylla stærðarmörk*) og þar af leiðandi ekki þeir fagfjárfestar sem samþykktir hafa verið sem slíkir í samræmi við grein 4.1, geta óskað þess að farið verði með þá sem viðurkennda gagnaðila. Ber þá að fylgja eftirfarandi verklagi:
  - a) Veita skal viðskiptavininum skýra skriflega viðvörðun um afleiðingar slíkrar beiðni fyrir viðskiptavininn, þ.m.t. um þá vernd sem hann getur glatað.
  - b) Viðskiptavinurinn skal staðfesta skriflega beiðni sína um meðferð sem viðurkenndur gagnaðili, annaðhvort almennt eða að því er varðar eitt eða fleiri tilvik fjárfestingarþjónustu eða -viðskipta eða tegund viðskipta eða afurðar, og að honum sé kunnugt um afleiðingarnar í tengslum við þá vernd sem hann getur glatað vegna beiðninnar.

### *Þjónusta sem veitt er fagfjárfestum*

- 4.12. Ákvæði 3. tölul. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga eiga ekki við um þjónustu sem veitt er fagfjárfestum nema vegna fjárfestingarráðgjafar og eignastýringar. Ákvæði 4. mgr. 44. gr. og 2.-5. mgr. 46. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga eiga ekki við um þjónustu sem veitt er fagfjárfesti, nema hann upplýsi félagið að hann vilji að svo sé. Félagið skal halda skrá um öll slík samskipti.

### **Viðurkenndir gagnaðilar**

#### *Flokkun sem fagfjárfestir eða almennur fjárfestir*

- 4.13. Heimilt er að fara með viðskiptavin sem fagfjárfesti eða almennan fjárfesti ef annars mætti flokka hann sem viðurkenndan gagnaðila, að eigin frumkvæði félagsins eða að beiðni viðkomandi viðskiptavinar.
- 4.14. Ef viðurkenndur gagnaðili fer fram á aukna vernd, en óskar ekki sérstaklega eftir að fá meðferð sem almennur fjárfestir, skal farið með hann sem fagfjárfesti.

#### *Viðskipti við viðurkennda gagnaðila*

- 4.15. Heimilt er að eiga í viðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja skilyrðum 33. gr., 1., 4. og 6.-9. mgr. 34. gr., 35.-41. gr., 44. gr., 45. gr., 1., 6. og 7. mgr. 46. gr, 48. gr. og 1.-2. mgr. 49. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.
- 4.16. Áður en slík viðskipti eru framkvæmd skal afla fyrir fram staðfestingar um að viðurkenndur gagnaðili samþykki að farið sé með hann sem slíkan í þeim viðskiptum. Heimilt er að afla staðfestingar með almennu samþykki eða sérstöku samþykki vegna einstakra viðskipta.
- 4.17. Viðurkenndum gagnaðila er þó heimilt að óska þess að félagið fari að framangreindum ákvæðum laga um markaði fyrir fjármálagerninga í viðskiptum sínum við hann. Slík beiðni skal vera skrifleg og í henni skal tekið fram hvort meðferðin sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir skuli gilda um eitt eða fleiri tilvik fjárfestingarþjónustu eða viðskipta, eða eina eða fleiri tegund viðskipta eða afurða.
- 4.18. Félagið skal starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samskiptum sínum við viðurkennda gagnaðila og miðla upplýsingum á sanngjarnan og skýran hátt og ekki villandi, að teknu tilliti til eðlis hinna viðurkennda gagnaðila og starfsemi þeirra.

## **5. Eftirfylgni**

- 5.1. Regluvörður hefur eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt og hefur umsjón með reglulegri endurskoðun þeirra.

## **6. Gildistaka**

- 6.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.

Samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf., 21. febrúar 2024